



Endurskoðun á hlutverki og skipan
Orkustofnunar. Nefndarálit frá 4. janúar
1989. Nokkrar athugasemdir

Guðmundur Pálmason

Greinargerð GP-89-02

Endurskoðun á hlutverki og skipan Orkustofnunar. Nefndarálit frá 4.janúar 1989.

Nokkrar athugasemdir.

Almennt.

Í nefndarálitinu er tiltölulega ítarleg lýsing á Orkustofnun eins og hún er í dag, hlutverki hennar og eðli þeirra rannsókna, sem þar eru stundaðar. Mikil vinna hefur verið lögð í að taka saman þessar upplýsingar og ættu þær að geta komið að gagni fyrir þá, sem vilja kynna sér starfsemina.

Umræða um sérstakar tillögur nefndarinnar.

Hagsmunaárekstrar.

Víða kemur það fram í álitni nefndarinnar, að hún telji hættu vera á hagsmunaárekstrum, ef stofnunin hefur með höndum bæði ráðgjöf við stjórnvöld og verksölu til orkufyrirtækja. Fræðilega er það rétt, að slíkir hagsmunaárekstrar geta haft áhrif á ráðgjöf. Nefndin tekur hins vegar fram (bls.12), að hún þekki engin dæmi þess að ráðgjöf Orkustofnunar við stjórnvöld hafi mótast af slíkum hagsmunum. Verður að ætla, að hún hafi reynt að kanna það mál í ljósi þess að þar eru ein meginrökin fyrir tillögum hennar um tvískiptingu stofnunarinnar.

Benda má á, að jákvæðar hliðar eru einnig á því fyrirkomulagi, sem nú er. Ráðgjöf þarf að byggja á sem bestum upplýsingum. Vegna söluverkastarfsemi Orkustofnunar verður mun meira upplýsingastreymi til stofnunarinnar frá orkuiðnaðinum en ella væri.

Tillaga nefndarinnar um að skipta Orkustofnun í tvennt, Orkubúskaparstofnun og Rannsóknarstofnun orkuiðnaðarins, er rökstudd alfarið með hættunni á hagsmunaárekstrum vegna söluverka. Í ljósi þess, sem að ofan er sagt, verða þau rök að teljast léttvæg.

Sjálfseignarstofnunarhugmyndin.

Í framhaldi af tillögunni um skiptingu stofnunarinnar í tvo hluta er lagt til, að Rannsóknastofnun orkuiðnaðarins verði sjálfseignarstofnun og tilgreindir meginkostir þessa rekstrarforms (Viðauki 2). Ekki er þó rædd reynsla annars staðar frá, hvorki hérlendis né erlendis, af þessu fyrirkomulagi.

Breytingar á rekstrarformi rannsóknastofnana ríkisins á ekki að gera nema að vel athuguðu máli. Þar á ekki að vera nein tilraunastarfsemi á ferðinni. Breytingar þær, sem nefndin leggur til, eru þess eðlis, að þær eiga við um fleiri stofnanir en Orkustofnun. Ekki virðist tímabært að taka ákvörðun um Orkustofnun eina.

Tillagan um sjálfseignarstofnun er gerð með fyrirvara um, að ýmsar forsendur, sem nefndin gefur sér sem skilyrði, verði til staðar (bls.20). Sumar af þessum forsendum eru þess eðlis að hæpið er að þær verði nokkurn tíma til staðar. A.m.k. þarf að kanna það mál mun betur en gert er í nefndarálitinu.

Verkefnabundnar fjárveitingar og verkefnastjórnun.

Víða í tengslum við tillögur nefndarinnar, t.d. varðandi sjálfseignarformið, er lögð á það áhersla, að öll starfsemi stofnunarinnar eigi að vera verkefnabundin.

Fjárveiting til Orkustofnunar er bundin ákveðnum verkefnaflokki, orkurannsóknum og tilheyrandi þjónustu við ráðuneytið, samkvæmt gildandi Orkulögum. Stofnunin hefur stjórn til að líta eftir því, að vel og skynsamlega sé varið því fé, sem til orkurannsókna er veitt.

Starfsemi Orkustofnunar er í hæsta máta verkefnabundin og hið endanlega val verkefna er í höndum stjórnar og orkumálastjóra. Mér er til efs, að margar stofnanir hliðstæðar Orkustofnun séu með verkefnabundnari starfsemi en Orkustofnun er í dag. Verkefnastjórnun hefur verið eflað mikið á síðustu árum. Síðustu ákvarðanir á þessum vettvangi voru um síðustu áramót, en þá var settur sérstakur yfirverkefnisstjóri ríkisverkefna hjá Jarðhitadeild til að tryggja sams konar verkskil þeirra og söluverka.

Það er misskilningur, að fjárveitingar til Orkustofnunar ráðist af stöðugildum eins og gefið er í skyn sums staðar í álitinu. Frekar hið öfuga eins og dæmi sýna. Það er frekar ákveðið umfang starfseminnar, sem tekin er ákvörðun um við gerð fjárlaga, og eftir því fer stöðugildafjöldinn. Ég minnst þess ekki, að andstaða hafi verið við manna ráðningar, ef hægt var að sýna fram á, að fé væri fyrir hendi til viðkomandi verkefna.

Sameining starfsemi, sem nú er á mörgum stofnunum.

Það er vissulega rétt, sem fram kemur hjá nefndinni, að samræma þyrfti vinnu, sem nú er unnin á fleiri stofnunum, eins og t.d. landmælingar og gerð jarðfræðikorta. Hvað jarðfræðikortlagninguna snertir er lítill vafi á því, að henni væri best fyrir komið hjá Orkustofnun. Hér er fyrst og fremst um hagnýtt verkefni að ræða, og í nágrannalöndum okkar er starfsemi af þessu tagi oft undir iðnaðarráðuneyti eða öðru ráðuneyti, sem fjallar um hagnýt mál. Nefndin bendir á (bls.3) í tengslum við Rannsóknastofnun Orkuíðnaðarins, að auðvelt væri að útvíkka hlutverk hennar þannig, "að hún færi einnig með grunnvatnsmál og hagnýt jarðefni og yrði þannig svipuð jarðfræðistofnunum grannríkjanna". Þetta á að mínu mati einnig við um Orkustofnun eins og hún er í dag.

Minnihlutaálit.

Ekki verður fjallað hér mikið um minnihlutaálitið, sem tveir af fimm nefndarmönnum standa að.

Tillaga um A-hluta Orkustofnun og sjálfseignarjarðhitastofnun er í svipuðum dúr og tillögur meirihlutans, en við bætist, að stofnaðar eru Vatnamælingar hf. Hér er verið að skipta upp starfsemi, sem ekki er stór fyrir. Slíkt hefur alltaf í för með sér aukinn kostnað við sama umfang verkefna.

Orkurannsóknasjóður. Ekki verður séð, að sjóður með sérstakri sjóðsstjórn gæti rækt það hlutverk betur að velja verkefni en þeir aðilar, sem nú gera það.

Niðurstöður.

Nefndin hefur unnið mikið og gott starf í að taka saman upplýsingar um núverandi starfsemi Orkustofnunar og gera á því vissa greiningu. Ekki verður hins vegar séð að hún hafi fundið margt, sem rökstudd ástæða væri til að breyta. Sumar af tillögum hennar beinast að hlutum, sem verið er að vinna að innan stofnunarinnar eða er þegar lokið. Aðrar af tillögum hennar eru með of mörgum óvissuþáttum til að hægt sé að líta á þær sem alvörutillögur.

Guðmundur Pálmason